

Borgarstjórn Reykjavíkur

20. september 2016

Tillaga forsætisnefndar að staðsetningu umboðsmanns borgarbúa:

Lagt er til að embætti umboðsmanns borgarbúa verði sérstök eining í skipuriti Reykjavíkurborgar, með sjálfstæðan fjárhag frá 1. janúar 2017 og að umboðsmaður starfi í umboði stjórnkerfis- og lýðræðisráðs sem er jafnframt falið að endurskoða gildandi samþykkt um umboðsmann borgarbúa. Umboðsmaður verður ráðinn af borgarráði að fenginni tillögu stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

Greinargerð:

Á fundi borgarstjórnar 16. september 2014 var samþykkt tillaga um að framlengja tilraunaverkefni um umboðsmann borgarbúa um 18 mánuði. Á þeim tíma var forsætisnefnd falið að vinna að nánari skilgreiningu fyrir starfsemi umboðsmanns og gera tillögu að framtíð embættisins með vísan til umfjöllunar í áfangaskýrslu umboðsmanns borgarbúa.

Niðurstaða forsætisnefndar er að leggja það til að frá og með 1. janúar 2017 verði embættið sjálfstæð eining í skipuriti á sama hátt og skrifstofa innri endurskoðunar og með sjálfstæðan fjárhagsramma. Gert er ráð fyrir því að 22 milljónir sem ætlaðar eru í rekstur embætti umboðsmanns, og eru nú í fjárhagsramma skrifstofu borgarstjórnar, færist á nýjan kostnaðarstað embættisins í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.

Í tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir því að umboðsmaður muni nú heyra undir stjórnkerfis- og lýðræðisráð í stað forsætisnefndar. Hlutverk umboðsmanns borgarbúa er að hafa eftirlit með stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og tryggja rétt borgarbúa gagnvart afgreiðslu erinda og þjónustu sem borgin veitir. Í ljósi þess að stjórnkerfis- og lýðræðisráð fer m.a. með það verkefni að yfirfara stjórnkerfið með það að markmiði að gera það einfaldara og markvissara, telur forsætisnefnd að verkefni umboðsmanns eigi mjög vel heima á vettvangi ráðsins. Umboðsmaður mun jafnframt embættislega heyra undir borgarstjóra og njóta faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnsýslu borgarinnar, þ.m.t. borgarstjóra.

Forsætisnefnd

Umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um tillögu forsætisnefndar, dags. 2. september 2016, um staðsetningu umboðsmanns borgarbúa

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 12. september 2016 var lögð var fram tillaga forsætisnefndar, dags. 2. september 2016, um staðsetningu umboðsmanns borgarbúa. Stjórnkerfis og lýðræðisráð samþykkti að veita svohljóðandi umsögn:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð er jákvætt fyrir þeirri tillögu að umboðsmaður borgarbúa fái sérstakan stað sem sjálfstæð eining í skipuriti með sjálfstæðan fjárhagsramma. Þetta er lykilatriði í því að tryggja sjálfstæði embættisins. Einnig fer vel á því að umboðsmaður starfi í umboði stjórnkerfis- og lýðræðisráðs enda er ráðið fjölskipað stjórnvald og verkefni þess samrýmast vel verkefnum umboðsmanns. Samhliða endurskoðun á samþykkt fyrir umboðsmann borgarbúa þyrfti jafnframt að endurskoða samþykkt fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráð. Í gildandi samþykkt ráðsins er til dæmis kveðið á um að borgarstjóri geti falið ráðinu verkefni beint en slík tenging beint við borgarstjóra væri óheppileg í ljósi þess að umboðsmaður borgarbúa þarf að vera óháður borgarstjóra, bæði í reynd og í ásýnd. Einnig er mikilvægt að stjórnkerfis- og lýðræðisráð vinni náið með umboðsmanni borgarbúa að því að setja verklagsreglur sem tryggja óhæði hans og skilgreina hvernig samskiptum hans við ráðið skal háttað

Oddrún Helga Oddsdóttir
e.u.

